

Ungmennaráð Hornafjarðar - 104 (8.9.2025) - Ungmennaráð skilaboð til fastanefnda og bæjaráðs

Málsnúmer : 202211032
Málsaðili : Sveitarfélagið Hornafjörður
Niðurstaða (stutt) : Vísað til nefndar
Fundardagur : 08.09.2025

Inngangur : Bókun til allra nefnda til að kynna ungmennaráð og það sem þau hyggjast gera í vetur.
Niðurstaða : Kosið hefur verið til ungmennaráðs sem starfa mun veturinn 2025-2026.

Í því sitja eftirfarandi aðilar.
Adam Bjarni Jónsson f.h. Grunnskóla Hornafjarðar
Birta Sigbjörnsdóttir f.h. FAS
Björg Kristjánsdóttir f.h. Grunnskóla Hornafjarðar
Kristján Reynir Ívarsson f.h. FAS
Theodór Árni Stefánsson f.h. Grunnskóla Hornafjarðar
Selma Ýr Ívarsdóttir frá atvinnulífínu
Sindri Sigurjón Einarsson f.h. Umf. Sindra
Sigurður Gunnlaugsson f.h. FAS
Sunna Dís Birgisdóttir f.h. Þrykkjunnar
Enn vantar einn fulltrúa frá atvinnulífínu.

Ungmennaráð Hornafjarðar vill með þessari bókun beina sjónum allra nefnda sveitarfélagsins að störfum ráðsins og mikilvægi þess fyrir samfélag okkar, sérstaklega þó fyrir börn og ungmenni en það sem er gott fyrir börn er gott fyrir alla.

Nú hefur tekið til starfa öflugt og metnaðarfullt ungmennaráð sem er reiðubúið að láta til sín taka og vera málsvari ungs fólks í sveitarfélaginu.

Ungmennaráðið horfir til vetrarins með miklum metnaði og mun m.a. leggja áherslu á eftirfarandi:

-Standa fyrir Barna- og ungmennaþingi í nóvember þar sem raddir barna og ungmenna fá að heyrast og mál er þau varða tekin föstum tókum.

-Efla samstarf við önnur ungmennaráð og ungliðahópa í bænum með það að markmiði að byggja upp sterkara ungmennastarf og betri tengingu við nærsamfélagið.

-Veita bæjaryfirvöldum nauðsynlegt og eðlilegt aðhaldi líkt og fyrri ungmennaráð hafa gert að með öflugum og ábyrgum hætti.

-Minna á mikilvægi opinna svæða og þess að þau séu hönnuð og viðhaldið með það að leiðarljósi að þau höfði til og nýtist ungu fólki og þar með samfélaginu öllu.

-Halda áfram að vinna að jákvæðri samfélagsþróun með því að vekja athygli á málefnum sem skipta unga fólkið máli og hafa áhrif á daglegt líf í sveitarfélaginu.

Ungmennaráð Hornafjarðar hvetur allar nefndir og ráð sveitarfélagsins til að hafa í huga mikilvægi þátttöku ungs fólks í ákvörðunum og stefnumótun og óskar eftir því að málum verði vísað áfram til ungmennaráðs hvort sem það sé til kynningar eða til umsagnar.

Að lokum óskar ungmennaráð eftir góðu samstarfi við bæjaryfirvöld og stofnanir.